

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

14. stjórnarfundur - haldinn 29. mars í íþróttahúsi Kennaraháskólans kl. 14:15

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Sigmundur, Lambi, Atli og Helgi.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Fjármál
 2. Staða mála vegna fyrrverandi framkvæmdastjóra
 3. Íslandsglíman 2026 í Búðardal
 4. Glímuping
 5. Önnur Mál
1. Fjármál
Gjaldkeri fór yfir uppfærða stöðu á fjármálum.
Reikningar ársins 2025 eru komnir til bókara.
Bankainnistæður sambandsins eru um 11.5 milljón og búið að færa hluta af því fé á reikninga sem gefa betri vaxtakjör.
Gjaldkeri hefur tekið saman útistandandi skuldir varðandi erlendar ferðir. Um 2 milljónir eru útistandandi í erlendum ferðakostnaði fyrir árið 2025.
Gjaldkeri telur ekki vænlegt að senda út reikninga fyrir Glímuping. Betri upplýsingar þurfi að liggja fyrir um viðkomandi keppendur, t.a.m. netföng og félög.
Fundurinn ræddi þessa reikninga og kom sú hugmynd upp að senda út reikninga sem fyrst með gjalddaga fyrir glímuping. Þetta var ekki rætt frekar.
 2. Staða mála vegna fyrrverandi framkvæmdastjóra – Trúnaðarmál.
Sambandinu barst svarbréf frá fyrrv. framkvæmdastjóra þann 18. mars, er varðaði bréf sem sambandið sendi fyrrv. framkvæmdastjóra 11. desember sl.
Bréfin rædd á fundinum.
Ákveðið að fyrr. framkvæmdastjóra verður svarað í samræmi við það sem kom fram á fundinum.
 3. Íslandsglíman í Búðardal 11. apríl 2026.
Formaður mótanefndar er búinn að ræða við heimamenn í Dölunum og ritara glímuráðs Dalamanna.
Heiðursgestur á mótinu verður Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.
Rætt um að bjóða mögulega fleiri heiðursgestum á mótið, formaður kannar það.
Rætt hvað stjórn GLÍ þarf að gera í aðdraganda móts, meðal annars útgáfu á upplýsingabæklingi eins og venja er fyrir.
Það þarf að panta verðlaun og merkja skildi á verðlaunagripi.
GLÍ þarf að útvega glímustjóra á mótið en heimamenn munu reyna að fá aðra starfsmenn.
- Skráningar þurfa að liggja fyrir viku fyrir mót, eða laugardaginn 4. apríl.
Atli Már sendir út póst og minnir á skráningar, ásamt því að auglýsa mótið á Facebook.

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

4. Glímuping 2026

Stjórn er sammála um að boða þurfi fulltrúa ÍSÍ á þingið.

Eftir samræður við framkvæmdastjóra og forseta ÍSÍ var ákveðið að laugardagurinn 30. maí hentaði aðilum best.

Stjórn ákveður að glímuping verði 30. maí í húsakynnum ÍSÍ, nánari tímasetning ákveðin síðar.

Umræðu um þingboðun frestað fram á næsta stjórnarfund.

5. Önnur mál

a. Staða á ársskýrslu fyrir 2025.

Vinna á ársskýrslu gengur vel. Meðal annars er mikil vinna búin að fara í yfirferð á uppsetningu og skráningu móta síðasta árs. Kristín Embla Guðjónsdóttir sér um samantekt og uppsetningu með aðstoð stjórnarmanna.

Jón M. Ívarsson mun prófarkalesa skýrsluna

Fundarritari: Atli Már Sigmarsson

Fundi slitið kl. 15:15. Næsti fundur verður boðaður af formanni.

Staðfesting stjórnarmanna:
